

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

15. febrúar 2016

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú eru nemendur 9. bekkjar komnir til baka eftir vel heppnaða ferð á Laugar í Sælingsdal. Nemendur 10. bekkjar eru einnig komnir til baka eftir starfskynningarnar en þess bera að geta að flest þeirra mátti sjá í beinni útsendingu á Gettu betur.

Starfið framundan:

Starfsdagur kennara

Þriðjudaginn 23. febrúar verður starfsdagur kennara og er því frí hjá nemendum þennan dag.

Foreldraviðtöl

Seinni foreldraviðtöl vetrarins verða fimmtudaginn 25. febrúar. Þann dag fara nemendur heim á hádegi. Umsjónarkennarar senda út nánari skipulagningu fyrir daginn þegar nær dregur.

Frammistöðumat

Fyrir foreldraviðtölin óskum við eftir að nemendur og foreldrar taki þátt í frammistöðumati á Mentor. frammistöðumat gengur út á að foreldrar setjist niður með börnunum sínum og aðstoði þau við að meta frammistöðu sína í náminu auk þess að svara spurningum er varða líðan, hegðun og fleira. Frammistöðumatið verður opið frá og með þriðjudeginum 16. febrúar, til mánudagskvölds, 22. febrúar. Þið þurfið því að finna tíma á þessu tímabili til að vinna matið. Frammistöðumatið verður síðan lagt til grundvallar umræðunni sem verður í foreldra- og nemendaviðtölum 25. febrúar.

Teknar hafa verið saman eftirfarandi leiðbeiningar sem við vonum að komi ykkur að gagni við skráninguna:

1. Farið inn á mentor.is og skráið ykkur inn.
2. Veljið fjölskylduvef.
2. Veljið frammistöðumat, vinstra megin á síðunni.
3. Veljið Frammistöðumat-2015-2016 og hóp barnsins (smellið á skrifblokkina sem er hægra megin við stækkunarglerið).
4. Nú ættuð þið að geta skráð matið. Athugið að til þess að skrá smellið þið í viðeigandi reit en eftir því sem þið smellið oftast þá breytist merkingin í reitunum. Það er alltaf hægt að breyta skráningu í hverjum reit með því að smella oftast á reitinn.
5. Þegar þið hafið lokið skráningunni smellið þið á uppfæra (á stiku neðst á síðunni).

Ef þið viljið nánari upplýsingar eða leiðsögn getið þið haft samband við Bjarka í síma 453 7344 eða umsjónarkennara barnsins í sama síma.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi